

Stjórnartíðindi

2004 - B-deild - B67-71

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 67-71

Nr. 459-483

2004

Efnisyfirlit B 67–71 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
459	27. maí	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 403/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti	1193
460	27. maí	Auglýsing um friðunarsvæði, þar sem eldi laxfiska (fam. salmonidae) í sjókvím er óheimilt	1194
461	27. maí	Reglugerð um bann við rækjuveiðum á Rífsbanka	1195
462	26. maí	Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 752/2002 um styrki og uppbætur Tryggingastofnunar ríkisins til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiðakaupa	1196
463	27. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 303, 3. maí 1999, um afladagbækur	1197
464	28. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 234, 8. mars 2004, um humarveiðar	1197
465	2. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð um uppruna og ræktun íslenska hestsins nr. 948/2002	1198-1199
466	27. maí	Auglýsing um deiliskipulag í Kópavogi	1200
467	26. maí	Auglýsing staðfestingar á breytingu á skipulagsskrá fyrir Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga í Reykjavík nr. 515 28. nóvember 1988	1201
468	26. maí	Skipulagsskrá fyrir „Ævinlega erfingjarentu Sigríðar Melsteð“	1201-1202
469	26. maí	Skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Páls Gunnarssonar líffræðings, 20. maí 1951 - 7. október 1999	1203
470	28. maí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi „Jófríðarstaðir – Skuld, Lynghvammur nr. 5 og 6“ í Hafnarfirði	1204
471	28. maí	Reglur um breytingu á reglum nr. 16/2004, um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2004	1204
472	26. maí	Reglugerð um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 2004	1205
473	27. maí	Auglýsing um skipulagsmál í Reykjanesbæ	1205
474	27. maí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi „Iðnaðarsvæðis austan Reykjavíkurveggar, vegna Reykjavíkurveggar 76 – 80“ í Hafnarfirði	1206
475	28. maí	Auglýsing um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun	1206
476	28. maí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Bústaðavegur 151	1206-1207
477	28. apríl	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi verslunarlóðar við Egilsholt 2, Borgarnesi, Borgarbyggð	1207
478	28. maí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015, Merkilandstún, Sveitarfélaginu Árborg	1207
479	11. maí	Gjaldskrá fyrir gatnagerðargjöld á varnarsvæðum	1208-1209

STJÓRNARTÍÐINDI B 67 – 2004

27. maí 2004

1193

Nr. 459

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 403/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti.

1. gr.

Eftirfarandi tollnúmer falla út í upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<i>Annað kjöt, fryst - vöruliður 0208:</i>				
<i>Tollnúmer:</i> Hreindýrakjöt		9.000		
0208.9007	Beinlaust hreindýrakjöt, fryst	01.07.04 - 30.06.05	0	515
0208.9008	Hreindýrakjöt með beini, fryst	01.07.04 - 30.06.05	0	515

2. gr.

Eftirfarandi tollnúmer bætast við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg	
<i>Tollnúmer:</i> Hreindýrakjöt fryst — vöruliður 0208					
0208.9007	Beinlaust hreindýrakjöt, fryst	01.07.04 - 30.06.05	ótilgreint	0	515
0208.9008	Hreindýrakjöt með beini, fryst	01.07.04 - 30.06.05	ótilgreint	0	515
<i>Úr tollnúmeri:</i>					
0208.9008	Hreindýrakjöt í heilum og hálfum skrokkum	til 31.12.04	ótilgreint	0	0

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. og 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. maí 2004.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

AUGLÝSING

**um friðunarsvæði, þar sem eldi laxfiska
(fam. salmonidae) í sjókvíum er óheimilt.**

1. gr.

Til verndunar villtum laxastofnum er eldi laxfiska af eldisstofni í sjókvíum óheimilt á eftirtöldum svæðum við strendur landsins:

1. Í Faxaflóa innan línu sem dregin er frá Garðskaga að Malarrifi á Snæfellsnesi.
2. Í Breiðafirði innan línu sem dregin er frá Hellissandi að Látrabjargi.
3. Í Húnaflóa og Skagafirði innan línu sem dregin er frá Geirólfsgnúp að Siglunesi.
4. Við Skjálfanda innan línu sem dregin er frá Bjarnarfjalli að Tjörnesstá.
5. Við Norðausturland innan línu sem dregin er frá Hraunhafnartanga að Fonti á Langanesi og frá Fonti að Glettinganesi.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 77. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 226/2001 um friðunarsvæði þar sem eldi frjórna laxfiska (*Salmo salar*) í sjókvíum er óheimilt.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. maí 2004.

Guðni Ágústsson.

Guðmundur B. Helgason.

STJÓRNARTÍÐINDI B 68 – 2004

27. maí 2004

1195

Nr. 461

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum á Rífsbanka.

1. gr.

Frá og með 1. júní 2004 eru allar rækjuveiðar óheimilar á Rífsbanka, á svæði sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. $67^{\circ} 15'00$ N - $16^{\circ} 56'00$ V
2. $67^{\circ} 15'00$ N - $16^{\circ} 40'00$ V
3. $67^{\circ} 11'00$ N - $16^{\circ} 40'00$ V
4. $67^{\circ} 10'00$ N - $16^{\circ} 15'00$ V
5. $67^{\circ} 06'00$ N - $16^{\circ} 15'00$ V
6. $67^{\circ} 06'00$ N - $16^{\circ} 56'00$ V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. maí 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 752/2002 um styrki og uppbætur Tryggingastofnunar ríkisins til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiðakaupa.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr.:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Um hjálpartæki í bifreið gildir reglugerð nr. 460/2003 um styrki Tryggingastofnunar ríkisins vegna hjálpartækja, með síðari breytingum, eftir því sem við á til viðbótar því sem kveðið er á um í reglugerð þessari.
- b. 1. másl. 2. undirmálgreinar 3. mgr. 3. gr. orðast svo: Fullur styrkur er veittur á fimm ára fresti.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr.:

- a. Í 2. tölul. 4. mgr. koma í stað orðanna „fá uppbót“ orðin „kaupa bifreið“.
- b. 2. másl. 5. mgr. orðast svo: Uppbót er heimilt að veita á fimm ára fresti vegna sama einstaklings.
- c. Í 1. másl. 7. mgr. kemur í stað orðsins „fjórum“ orðið „fimm“.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr.:

- a. 4. tölul. 2. mgr. orðast svo: Hinn hreyfihamlaði notar tvær hækjur og/eða er bundinn hjólastól að staðaldri.
- b. 2. másl. 5. mgr. orðast svo: Styrk skv. 2. mgr. er heimilt að veita á fimm ára fresti en styrk skv. 3. másl. 4. mgr. á sex ára fresti vegna sama einstaklings.
- c. Í 1. másl. 7. mgr. kemur í stað orðsins „fjórum“ orðið „fimm“ og í 2. másl. 7. mgr. kemur í stað orðsins „fimm“ orðið „sex“.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 33. gr. laga nr. 117/1993 um almanna-tryggingar, með síðari breytingum, og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júní 2004. Ákvæði b-liðar 1. gr., a- og b-liðar 2. gr. og b-liðar 3. gr. reglugerðarinnar taka jafnframt til þeirra einstaklinga sem hafa fengið styrki eða uppbætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins í tíð eldri reglna fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 26. maí 2004.

Jón Kristjánsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 303, 3. maí 1999, um afladagbækur.

1. gr.

4. mgr. 6. gr. orðist svo: Í lok hverrar veiðiferðar og áður en lagst er að bryggju skal afladagbók vera að fullu færð.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og laga nr. 151, 27. desember 1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands öðlist þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. maí 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 234, 8. mars 2004, um humarveiðar.

1. gr.

Á svæði 1: Lónsdýpi í 2. gr. reglugerðarinnar kemur nýr tl. á eftir 3. tl. sem verður 4. tl. og orðist svo: 64°08'00 N -14°50'00 V. Síðari tl. breytist í samræmi við það.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. maí 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um uppruna og ræktun íslenska hestsins nr. 948/2002.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Reglugerð þessi tekur til uppruna og ræktunar íslenska hestsins. Reglugerðinni er ætlað að tryggja viðurkenningu á Íslandi sem upprunalandi íslenska hestsins, tryggja áframhaldandi hreinræktun hans með notkun á viðurkenndum ættbókum í samræmi við opinberan ræktunarstaðal, sbr. I. viðauka og að tryggja áreiðanleika þeirra upplýsinga sem skráðar eru í upprunaættbók íslenska hestsins WorldFeng.

Reglugerðinni er einnig ætlað að styðja alþjóðlegt samstarf um ræktun íslenska hestsins.

2. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 2. gr.:

- a. 3. tl. 2. gr. fellur brott.
- b. 5. tl. 2. gr. orðist svo: WorldFengur er upprunaættbók íslenska hestsins sem inniheldur upplýsingar og skrá um hreinræktuð íslensk hross.
- c. Orðin „Feng eða“ í 1. ml. 7. tl. falla brott.

3. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 4. gr.:

- a. 1. ml. 1. mgr. 4. gr. orðist svo: Bændasamtök Íslands halda upprunaættbók íslenska hestsins (WorldFeng) og bera ábyrgð á að færa í hana upplýsingar um hreinræktuð íslensk hross sem uppfylla skilyrði þessarar reglugerðar.
- b. 3. mgr. 4. gr. orðist svo: Hross sem skrá á í WorldFeng skulu geta rakið alla ætt sína til hreinræktaðra íslenskra hesta. Bændasamtök Íslands skulu setja nánari reglur um framkvæmd skráningar í WorldFeng, þar sem m.a. skal kveðið á um hverjum skuli veittur skráningaraðgangur að WorldFeng og hvaða skilyrði skráningaraðili þarf að uppfylla.

4. gr.

Í stað orðanna „viðauka II“ í 7. gr. kemur: viðauka I.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 19. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og með vísan til III. kafla búnaðarlaga og öðlast þegar gildi. Reglugerðin er sett með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/427/EBE og ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar nr. 92/353/EBE, 92/354/EBE, 96/78/EB og 96/79/EB og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. júní 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Hjallaskóli. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 24. febrúar 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðar Hjallaskóla, Álfrólsvegi 120. Í tillögunni felst að heimilt verður að byggja tveggja hæða byggingu á norðaustur hluta lóðarinnar um 1000 m² að samanlögðum gólfleti. Með tilvísan í framkomna athugasemd var á fundi skipulagsnefndar 17. febrúar 2004 komið til móts við athugasemdina með færslu á byggingarreit. Tillagan var síðan samþykkt í bæjarstjórn með áorðnum breytingum 24. febrúar 2004 eins og áður segir.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Vatnsendi. Höfuðból. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 23. apríl 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi á svæðinu „Milli vatns og vegar“ í Vatnsenda. Í breytingunni felst að heimilt verður að endurbyggja íbúðarhús og útihús Vatnsendabýlisins.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Flesjakór 3-12. Einbýli í tvíbýli. Hörðukór 2. Sambýli. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 23. apríl 2004 samþykkt tillögu að deiliskipulagi við Flesjakór 3-12. Í tillögunni felst að 9 einbýlishúsalóðum er breytt í parhúsalóðir. Jafnframt er í tillögunni gert ráð fyrir að byggingarreitur sambýlis við Hörðukór 2 sé stækkaður og fyrirkomulagi bílastæða breytt.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 27. maí 2004.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

staðfestingar á breytingu á skipulagsskrá fyrir Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga í Reykjavík nr. 515 28. nóvember 1988.

Stjórn Endurhæfingarstöðvar hjarta- og lungnasjúklinga í Reykjavík hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins, sem staðfest var 28. nóvember 1988:

6. gr.

Fulltrúaráð stofnunarinnar skipa 9 fulltrúar og eru þeir þannig valdir:

Stofnaðilar tilnefna hver um sig tvo fulltrúa og einn til vara til tveggja ára í senn.

Stjórn Landspítala - Háskólasjúkrahúss skal boðið að tilnefna tvo fulltrúa og einn til vara og stjórn Reykjalundar einn fulltrúa og einn til vara, til setu í ráðinu til tveggja ára.

Skylt er að boða varamenn til funda með málfrelsi og tillögurétti.

Sinni einhver aðilinn ekki tilnefningu tilskilins fjölda í ráðið, skulu fulltrúar tilnefna í þeirra stað, svo að ráðið verði fullskipað.

Val fulltrúa í ráðið skal fara fram eigi síðar en í marsmánuði annað hvert ár.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. maí 2004.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir „Ævinlega erfingjarentu Sigríðar Melsteð“.

1. gr.

Sjóður þessi var stofnaður af Boga Th. Melsteð sagnfræðingi og var skipulagsskrá fyrir hann staðfest 13. október 1914.

Nafn sjóðsins er: Ævinlega erfingjarenta Sigríðar Melsteð. Ný skipulagsskrá fyrir sjóðinn var staðfest þann 24. júlí 1998.

2. gr.

Eign sjóðsins er: 17.812.587 kr.

Stofnfé að fjárhæð er kr. 598.000 og skal hún haldast óskert.

Eignir sjóðsins skulu ávaxtast á sem tryggilegastan hátt.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita námsstyrki og styrkja fólk í erfiðleikum.

Rétt til styrkja hafa afkomendur Bjarna Melsteð og konu hans Þórunnar Guðmundsdóttur frá Framnesi, Skeiðum.

Einnig má nota sjóðinn til að efla kynni meðal ættingja og styrkja mannfagnaði á vegum ættarinnar.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) vextir af inneignum
- b) aðrar tekjur.

5. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita á hverjum tíma styrki úr sjóðnum í samræmi við tilgang hans samkv. 3. gr., þeirri upphæð sem hann telur sér fært að veita án þess að rýra stofnfé sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 6 menn. Skulu þeir allir vera afkomendur barna Bjarna Melsteð og konu hans Þórunnar Guðmundsdóttur þ.e. Páls, Jóns, Stefaníu, Sigrúnar, Gunnlaugs og Soffíu. Hlutverk stjórnar er að annast vörslu sjóðsins.

Styrkveitingar verða gerðar í samráði við stjórn.

Hverfi stjórnarmaður úr stjórn tilnefni hann eftirmann sinn í stjórnina. Falli stjórnarmaður frá tilnefna skyldmenni hans manni í hans stað. Formaður skal valinn af stjórnarmönnum. Formaður stjórnar ber ábyrgð á fjárvörslu.

7. gr.

Sjóðurinn skal endurskoðaður árlega af löggiltum endurskoðanda.

8. gr.

Ekki má lána úr sjóðnum eða veðsetja hann.

9. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má aðeins gera ef þær hljóta samþykki allra stjórnarmanna.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Jafnframt fellur úr gildi skipulagsskrá fyrir Ævinlega erfingjarentu Sigríðar Melsteð, sem staðfest var 24 júlí 1998.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. maí 2004.

F. h. r.
Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Páls Gunnarssonar líffræðings,
20. maí 1951 – 7. október 1999.

1. gr.

Minningarsjóðurinn er stofnaður af Ingileif Bryndísi Hallgrímsdóttur, móður Páls og systkinum hans, Hallgrími Gunnarssyni, Gunnari Snorra Gunnarssyni, Áslaugu Gunnarsdóttur og fjölskyldum þeirra.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til skógræktar og að styrkja málefni sem lúta að geðvernd, svo sem Geysisklúbbinn.

3. gr.

Stofnframlag í sjóðinn er kr. 14.000.000 – krónur fjórtán milljónir og 00/100.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa systkini Páls, eða þeir er þau tilnefna. Stjórnin annast ávöxtun hans og fjárreiður. Ennfremur ákveður stjórnin árlegar styrkveitingar.

5. gr.

Árlegar styrkveitingar úr sjóðnum skulu að jafnaði skiptast að jöfnu milli þeirra málefna, sem greinir í 2. gr. Ekki má veita hærri styrki úr sjóðnum en sem nemur raunávöxtun hans þegar í hann hafa verið lagðar verðbætur vegna verðlagshækkana.

6. gr.

Verði af einhverjum ástæðum talið rétt að leggja sjóðinn niður, skal höfuðstól hans varið til þeirra málefna, sem getið er í 2. gr.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. maí 2004.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Jófríðarstaðir – Skuld, Lynghvammur nr. 5 og 6“ í Hafnarfirði.

Breytingin felst í að gert er ráð fyrir fjölbýlishúsum á lóðunum nr. 5 og 6 við Lynghvamm, fjórar íbúðir eru í hvoru húsi. Jafnframt stækkar lóð nr. 4 við Lynghvamm til suðausturs.

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í bæjarstjórn 24. febrúar 2004. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga. Breytingin öðlast gildi nú þegar.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 28. maí 2004.

F.h. skipulags- og byggingarfulltrúa,

Lilja Grétarsdóttir.

REGLUR

um breyting á reglum nr. 16/2004, um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2004.

1. gr.

Í stað fjárhæða vegna dagpeninga innanlands á tímabilinu maí – sept. í kafla 3.2 Frádráttur á móti dagpeningum komi:

	maí- sept.
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	15.700
Fyrir gistingu í eina nótt	10.200
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	5.500
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	2.750

2. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 118. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 28. maí 2004.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Erla Þ. Pétursdóttir.

REGLUGERÐ

um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 2004.

1. gr.

Á fjárhæðir tekjutryggingar og tekjutryggingarauka skv. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og fjárhæð heimilisuppbótar skv. 9. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skal greiða uppbætur sem hér segir á árinu 2004:

- a) Í júlí 2004 20% uppbót á þessar fjárhæðir vegna orlofsuppbótar.
- b) Í desember 2004 30% uppbót á þessar fjárhæðir vegna desemberuppbótar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr., sbr. 65. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 15. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 449/2003.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 26. maí 2004.

Jón Kristjánsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Deiliskipulag fyrir Tjarnarhverfi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 16. mars 2004 samþykkt deiliskipulag fyrir Tjarnarhverfi.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sunnan byggðar í Innri Njarðvík.

Greinargerðir og upprættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 27. maí 2004.

Viðar Már Aðalsteinsson,
framkvæmdastjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Iðnaðarsvæðis austan Reykjavíkurvegjar, vegna Reykjavíkurvegjar 76 – 80“ í Hafnarfirði.

Breytingin felst í að byggingarreitum á lóðinni er breytt lítillega. Nýtingarhlutfall helst óbreytt.

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í bæjarstjórn 4. maí 2004.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Breytingin öðlast gildi nú þegar.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 27. maí 2004.

F.h. skipulags- og byggingarfulltrúa,

Lilja Grétarsdóttir.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir spilliefnamóttöku Efnamóttökunnar hf., kt. 691298-2729. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2016.

Umhverfisstofnun, 28. maí 2004.

Davíð Egilson forstjóri.

*Heiðrún Guðmundsdóttir, staðgengill
forstöðumanns stjórnsýslusviðs.*

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Bústaðavegur 151.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 28. maí 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að landnotkun lóðarinnar Bústaðavegur 151, sem skilgreind er sem íbúðarsvæði, og svæðis norðan við lóðina, sem nú er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota, breytist í miðsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 28. maí 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

28. apríl 2004

Nr. 477

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi verslunarlóðar við Egilsholt 2, Borgarnesi, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997. Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 28. apríl 2004.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,
Sigurður Páll Harðarson.

28. maí 2004

Nr. 478

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015, Merkilandstún, Sveitarfélaginu Árborg.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 28. maí 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Selfoss, frá 4. september 1996.

Breytingin felst í því að hluti íbúðarsvæðis við Merkilandstún verður opið svæði til sérstakra nota, hesthúsasvæði, jafnframt fellur út svæði A2, bílastæði fyrir stóra bíla.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Selfoss. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 28. maí 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir gatnagerðargjöld á varnarsvæðum.

1. gr.

Almenn heimild.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum á varnarsvæðum skal greiða gatnagerðargjald til utanríkisráðuneytisins samkvæmt gjaldskrá þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

2. gr.

Ráðstöfun gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar á varnarsvæðum. Skal nota það til greiðslu kostnaðar við að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum fráveitu og vatnsveitu, ásamt götulýsingu og lagningu bundins slitlags, gangstétta og umferðareyja, stíga og opinna svæða.

3. gr.

Grunnur gatnagerðargjalds.

Af hverjum fermetra lóðar og húss greiðist eins og hér greinir:

- Verslunar- og skrifstofuhúsnæði: 800 kr. pr. ferm. lóðar og 3000 kr. pr. ferm. brúttógólfplatar húss.
- Iðnaðar- og þjónustuhúsnæði: 800 kr. pr. ferm. lóðar og 1800 kr. pr. ferm. brúttógólfplatar húss.
- Bílastæðalóðir: 400 kr. pr. ferm.
- Flugskýli og birgðageymar: 800 kr. pr. ferm. lóðar og 1200 kr. pr. ferm. brúttógólfplatar húss.
- Einbýlishús, raðhús og fjölbýlishús, minni en 4 íbúðir: 3000 kr. pr. ferm. brúttógólfplatar.
- Fjölbýlishús stærri en 4 íbúðir: 1500 kr. pr. ferm. brúttógólfplatar húss.

Fjárhæð gatnagerðargjalds breytist 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhúss.

4. gr.

Greiðsluskilmálar.

Gatnagerðargjald af flatarmáli lóðar skal greitt innan eins mánaðar frá dagsetningu tilkynningar til lóðarhafa um úthlutunina og með þeim skilmálum sem utanríkisráðuneytið ákveður. Ef ekki er greitt innan tilskilins frests fellur úthlutunin sjálfkrafa úr gildi án sérstakrar tilkynningar þar um. Gatnagerðargjald af flatarmáli bygginga skal greitt við útgáfu byggingarleyfis.

5. gr.

Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.

Um endurgreiðslu gatnagerðargjalds fer eftir 9. grein reglugerðar nr. 543/1996. Gatnagerðargjald endurgreiðist með verðbótum samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar frá þeim degi er það var greitt. Gatnagerðargjald sem greitt hefur verið í tengslum við veitingu byggingarleyfis skal verðbætt samkvæmt framansögðu til þess dags þegar byggingarleyfið fellur úr gildi eða er felld úr gildi. Í öðrum tilvikum skal reikna verðbætur til þess dags þegar gatnagerðargjaldið er endurgreitt.

6. gr.

Byggingar á áður úthlutuðum lóðum.

Ef byggt er nýtt hús eða byggt við eldra hús á lóð sem gjald hefur verið greitt af samkvæmt reglum um þátttöku lóðarhafa í kostnaði við gatnagerð, lagningu aðalholræsis og byggingareftirlit frá 13. nóvember 1985 skal reikna viðbótargatnagerðargjald af hverjum fermetra nýbyggingar eða viðbyggingar samkvæmt 3. grein.

7. gr.

Undantekningar.

Af skriðkjöllum og gluggalausum kjallararýmum sem aðeins er gengt í innan frá skal greiða 25% af venjulegu fermetragjaldi.

Af yfirbyggðum gangstígum eða göngugötum, sem eru þannig úr garði gerðar að þær uppfylla ekki einar sér kröfur byggingarlaga, skal greiða 25% af fermetragjaldi verslunar- og skrifstofuhúsa.

Valdi skipulagsbreyting breyttri notkun lóðar endurreiknast sá þáttur gatnagerðargjalds sem miðast við lóðarfermetra miðað við tilheyrandi gjaldskrárlíð.

8. gr.

Framkvæmd.

Flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli fer með framkvæmd gjaldskrár þessarar og innheimtu gatnagerðargjalda og ráðstöfun þeirra að því er varðar flugþjónustusvæðið á Keflavíkurflugvelli.

9. gr.

Lagaheimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 11. grein reglugerðar um gatnagerðargjöld nr. 543/1996, sbr. lög nr. 106/1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðum, og öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 11. maí 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 653/2001 um hámark dýrallyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk.

1. gr.

- A. Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:
Við töflu 1.2.2. Sefalósporín, bætist:

1.2.2. Sefalósporín

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Leyfilegt hámarks-magn leifa	Markvefur	Önnur ákvæði
Sefalóníum	Sefalóníum	Nautgripir	20 µg/kg	Mjólk	

Við töflu 1.2.3. Kínólón, bætist:

1.2.3. Kínólón

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Leyfilegt hámarks-magn leifa	Markvefur	Önnur ákvæði
Oxólínsýra	Oxólínsýra	Svín	100 µg/kg	Vöðvi	
			50 µg/kg	Húð og fita	
			150 µg/kg	Lifur	
			150 µg/kg	Nýra	
		Kjúklingar	100 µg/kg	Vöðvi	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér egg til neyslu
			50 µg/kg	Húð og fita	
			150 µg/kg	Lifur	
			150 µg/kg	Nýra	
		Laxfiskar	100 µg/kg	Vöðvi og roð í eðlilegum hlutföllum	

Við töflu 1.2.12. Pólýpeptíð, bætist:

1.2.12. Pólýpeptíð

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Leyfilegt hámarks-magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
Bakítrasín	Summa af bakítrasíni A, bakítrasíni B og bakítrasíni C	Kanínur	150 µg/kg	Vöðvi	
			150 µg/kg	Fita	
			150 µg/kg	Lifur	
			150 µg/kg	Nýra	

Við töflu 2.2.3. Pýretróíð, bætist:

2.2.3. Pýretróíð

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Leyfilegt hámarks-magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
Sýpermetrín	Sýpermetrín (summa myndbrigða)	Laxfiskar	50 µg/kg	Vöðvi og roð í eðlilegum hlutföllum	
			Nautgripir	20 µg/kg	
		200 µg/kg		Fita	
		20 µg/kg		Lifur	
		20 µg/kg		Nýra	
		20 µg/kg		Mjólk ⁽¹⁾	
		Sauðfé ⁽²⁾	20 µg/kg	Vöðvi	
			200 µg/kg	Fita	
			20 µg/kg	Lifur	
			20 µg/kg	Nýra	
Permetrín	Permetrín (summa myndbrigða)	Nautgripir	50 µg/kg	Vöðvi	
			500 µg/kg	Fita	
			50 µg/kg	Lifur	
			50 µg/kg	Nýra	
			50 µg/kg	Mjólk ⁽³⁾	

⁽¹⁾ Fara ber að öðrum ákvæðum tilskipunar ráðsins nr. 93/57/EBE.

⁽²⁾ Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér neyslumjólk.

⁽³⁾ Fara ber að öðrum ákvæðum tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 98/82/EBE (Stjtíð. EB L 290, 29.10.1998, bls. 25).

Við töflu 2.3.1. Avermektín, bætist:

2.3.1. Avermektín

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Leyfilegt hámarks-magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
Enamektín	Enamektín B 1 a	Laxfiskar	100 µg/kg	Vöðvi og roð í eðlilegum hlutföllum	

Við töflu 6.1. Prógestógen, bætist:

6.1. Prógestógen

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Leyfilegt hámarks-magn leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
Flúgestonasetat	Flúgestonasetat	Geitur	1 µg/kg	Mjólk	Einungis til notkunar í leggöng í tengslum við dýrarækt

B. Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

Við töflu 1. Ólífræn efnasambönd bætist:

1. Ólífræn efnasambönd

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
Álsalisýlat	Nautgripir	Aðeins til inngjafar, ekki ætlað dýrum sem gefa af sér neyslumjólk
Súlfúr	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	

Töflu 2. Lífræn efnasambönd er breytt sem hér segir:

2. Lífræn efnasambönd

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
Tríklórmetíásíð	Allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Asetýlsalisýlikýsýra	Allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til manneldis fyrir utan fiska	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér neyslumjólk Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér egg til neyslu
Asetýlsalisýlikýsýra DL-lýsín	Allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til manneldis fyrir utan fiska	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér neyslumjólk Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér egg til neyslu
Asetýlsalisýlat sodíum	Allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til manneldis fyrir utan fiska	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér neyslumjólk Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér egg til neyslu
Kalsíumkarbasalat	Allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til manneldis fyrir utan fiska	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér neyslumjólk Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér egg til neyslu
Ómeprasól	Dýr af hestaætt	Aðeins til inngjafar

C. Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

Við töflu 1.2.2. Makrólíð, bætist:

1.2.2. Makrólíð

Lyfjafraeðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Leyfilegt hámarks-magn leifa	Markvefur	Önnur ákvæði
Túlatrómysín	(2R, 3S, 4R, 5R, 8R, 10R, 11R, 12S, 13S, 14R)-2-etyl-3,4,10,13-tetrahydroxy-3,5,8,10,12,14-hexametyl-11-[[3,4,6-trideoxy-3-(dímetýla- mínó)-β-D-xýló-hexópránósýl]oxý]-1-oxa-6-azasýklópent-dekan-15-one, gefið upp sem túlatrómysín jafngildi	Nautgripir	100 µg/kg	Fita	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 2004. Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér neyslumjólk
			3 000 µg/kg	Lifur	
			3 000 µg/kg	Nýra	
		Svín	100 µg/kg	Fita	
			3 000 µg/kg	Lifur	
			3 000 µg/kg	Nýra	

Við töflu 2.2.3. Pýretróíð, bætist:

2.2.3. Pýretróíð

Lyfjafraeðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Leyfilegt hámarks-magn leifa	Markvefur	Önnur ákvæði
Fenvalerat	Fenvalerat (summa RR, SS, RS og SR myndbrigða)	Nautgripir	25 µg/kg	Vöðvi	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 2004.
			250 µg/kg	Fita	
			25 µg/kg	Lifur	
			25 µg/kg	Nýra	
			40 µg/kg	Mjólk	

Við töflu 6.1. Prógestógen, bætist:

6.1. Prógestógen

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Leyfilegt hámarks-magn leifa	Markvefur	Önnur ákvæði
Flúgestonasetat	Flúgestonasetat	Sauðfé, geitur	0,5 µg/kg	Vöðvi	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. janúar 2008. Einungis til notkunar í dýrarækt.
			0,5 µg/kg	Fita	
			0,5 µg/kg	Lifur	
			0,5 µg/kg	Nýra	
Norgestómet	Norgestómet	Nautgripir	0,5 µg/kg	Vöðvi	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. janúar 2008. Einungis til notkunar í dýrarækt.
			0,5 µg/kg	Fita	
			0,5 µg/kg	Lifur	
			0,5 µg/kg	Nýra	
			0,15 µg/kg	Mjólk	

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr og lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðissskoðun og gæðamat á sláturafurðum ásamt síðari breytingum.

Reglugerðin er sett með hliðsjón af reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar nr. 1937/2002/EB, 61/2003/EB, 544/2003/EB, 665/2003/EB, 739/2003/EB, 1029/2003/EB og 1490/2003/EB, sem vísað er til í XIII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahags-svæðið. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. maí 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015,
Fitjar, Innri-Njarðvík.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 28. maí 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar, frá 28. mars 1996.

Breytingin nær til alls skipulagðs svæðis Reykjanesbæjar austan Njarðvíkurfitja og norðan Reykjanesbrautar. Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Brimvarnargarður færast til norðurs og fallið er frá vegtengingu yfir Njarðvík.
- Mislæg gatnamót við Reykjanesbraut eru færð austar.
- Breytingar eru gerðar á gatnakerfi svæðisins.
- Íbúðarsvæði er stækkað til austurs.
- Breytingar eru gerðar á afmörkun flestra landnotkunarreita á skipulagssvæðinu.
- Gert er ráð fyrir tengdri mannvirkjagerð á opnum svæðum til sérstakra nota merktum Ú17 og Ú18.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 28. maí 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag starfsmannaþorps Fjarðaáls á Haga í Reyðarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 19. maí 2004 samþykkt deiliskipulag starfsmannaþorps Fjarðaáls á Haga í Reyðarfirði. Breytingin nær til svæðis um 13 ha beggja vegna gamla þjóðveggarins á Haganum í Teigagerðislandi. Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 21. maí 2004.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar,

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 71 – 2004

Nr. 483

1216

8. júní 2004

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðisins Höfðasel – Höfðasel 18.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 11. maí 2004, var samþykkt breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðisins Höfðasel.

Breytingin felst í að afmörkuð er lóð fyrir spennistöð út úr lóðinni nr. 16 við Höfðasel og verður nýja lóðin nr. 18 við Höfðasel.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 2. mgr., 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 8. júní 2004.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs,

Þorvaldur Vestmann.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
480	24. maí	Reglugerð um (4.) breytingu á reglugerð nr. 653/2001 um hámark dýrallyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk .	1209-1214
481	28. maí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, Fitjar, Innri-Njarðvík.....	1214-1215
482	21. maí	Auglýsing um deiliskipulag starfsmannaþorps Fjarðaáls á Haga í Reyðarfirði	1215
483	8. júní	Auglýsing um deiliskipulagsbreytingu á Akranesi	1216

